



Kennsluáætlun fyrir skólaárið 2025 - 2026

Námsgrein: Íslenska

Árgangur: 1. bekkur

Kennari: Arna Guðbjörg Matthíasdóttir

Netfang: arnam@klaustur.is

Almennt: Hæfniviðmiðin í íslensku eru sett fram í fimm flokkum: Talað mál, hlustun og áhorf, lestur, bókmenntir, ritun og málfræði. Mikilvægt er að líta á hæfniviðmiðin sem eina samfellda heild þó að þau séu í fimm flokkum. Þegar sjónum er beint sérstaklega að einu hæfniviðmiði þarf að hafa í huga að nám er samfellt ferli og skapandi athöfn, fremur en söfnun afmarkaðrar þekkingar og þjálfun í tiltekinni leikni. Nám er samþætt heild sem og íslenskukennslu er hluti af samofinni heild þar sem hver flokkur hefur gagn af hinum, innan og á milli námsgreina og námssviða, sem gefur tækifæri til heildstæðrar verkefnavinnu og samþættingar.

Helstu markmið: Megintilgangur náms og kennslu í íslensku er að nemendur fái tækifæri til að efla málnotkun, tjáningu og sköpun í töluðu og rituðu máli, nota málið og kynnast mætti þess og fjölbreytileika í daglegu lífi, leik og starfi. Með tungumálinu hugsar fólk, talar, miðlar og lærir, þróar sjálfsmynd sína, tjáir tilfinningar og hugsanir og skilur líðan og hugsun annarra.

Helstu markmið íslenskukennslu í 1. bekk eru að nemendur læri að þekkja bókstafina, bókstafstákn þeirra og hljóð. Nemendur eiga að geta umskráð hljóð stafatákna og myndað orð úr þeim í lestri og ritun. Nemendur læri að draga rétt til stafs og geti skrifað orð og/eða stuttar setningar. Nemendur æfi framsögn og tjáningu frammi fyrir hóp.

Hlekkur á aðalnámskra https: <https://www.adalnamskra.is/grunnskoli/kafli-19-islenska-2024>

Námsgögn: Listin að lesa og skrifa 1,2,3 og 4, Lestrarlandið, Það kemur saga út úr mér, aukahefti og efni í stafainnlögn, Skrift 1a, leir, lestrarbækur, stílabækur og úrklippubækur.

Tímabil	Verkefni	Kennsluaðferðir	Tenging við lykilhæfni og hæfniviðmið
Haustönn:	Listin að lesa og skrifa 1 og 2	Stafainnlögn byrjar yfirleitt með lestri á sögu í bókinni <i>Það kemur saga út úr mér</i> eða <i>Lestrarlandinu</i> .	Framsögn beitt skýrum og áheyrilegum framburði
Ágúst	Stafainnlögn: Íí		
September	Stafainnlögn: Óó, Ss, Áá, Ll	Kennari ræðir söguna munnlega og kannar hlustunarskilning nemenda	Tjáning sagt frá atburði eða fyrirbæri, tjáð sig frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu
Október	Stafainnlögn: Aa, Ii, Rr, Úú,	Ritun stafatákns æfð, bæði á töflu og í bók.	Hlustun og áhorf hlustað og horft af athygli á valið efni og greint frá upplifun sinni
Nóvember	Stafainnlögn: Mm, Uu, Vv, Ee, Oo	Skriftarþjálfun	
Desember	Stafainnlögn: Nn, Ææ Orðaforðavinna með jólasveinana og vísur Jóhannesar úr Kötlum	Nemendur vinna í vinnubók. Stöðvavinna, þar sem nemendur æfa sig m.a. að leira stafina, finna þá í texta og klippa út, raða stöfum saman í orð o.fl.	Lesfimi beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa svo lestur flæði vel og merking texta komist til skila
Vorönn	Listin að lesa og skrifa 3 og 4	Vinna með Elkonin box á töflu og í bók.	Orðaforði beitt góðum orðaforða við að skilja texta og notað einfaldar aðferðir til að ráða í merkingu ókunnra orða
Janúar	Stafainnlögn: Jj, Ff, Éé, Hh, Tt	Nemendur syngja stafavísur.	Lestrarmenning valið og lesið sér til ánægju fjölbreytt lesefni sem hæfir aldri
Febrúar	Stafainnlögn: Gg, Ðð, Öö	Heimalestur og lestur í skóla þar sem nemendur læra að tengja þau stafatákn sem lögð hafa verið inn.	Lestur og túlkun bókmennta unnið með ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum
Mars	Stafainnlögn: Bb, Ýý, Yy, Þþ	Leitast er við að efla orðaforða og málvitund í töluðu máli og með sögulestri.	Skrift og frágangur dregið rétt til stafs, skrifað skýrt og læsilega og á lyklaborð
Apríl	Stafainnlögn: Kk, Dd, Au, Pp	Læra að umgangast bókasafnið.	Fjölbreytt málnotkun beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og með orðaforða og málskilningi sem hæfir aldri
Maí	Stafainnlögn: Ei, Ey, Xx	Velja bækur eftir getu og áhugasviði. Sögustund, þar sem kennari les sögu	Sköpunarkraftur áttað sig á sköpunarmætti tungumálsins svo sem með því að ríma og fara í orðaleiki

Námsmat:

- Stafakönnun
- Lesferill
- Vinnubækur, metinn verður frágangur og skilningur.
- Hæfni nemenda til lestrar og ritunar verður könnuð.
- Að nemandi hafi náð góðum skilning á námsefninu

Þessi kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.